



# Þinggerð 15. ársþings Héraðssambands Þingeyinga

haldið á Grenivík, 26. febrúar 2023



## Dagskrá

1. Þingið sett
2. Starfsmenn þingsins kosnir:
  - a) Forsetar
  - b) Ritarar
3. Kjörbréfanefnd kosin
4. Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins kynntir
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Álit kjörbréfanefndar
7. Reikningar bornir undir atkvæði
8. Ávörp gesta
9. Mál lögð fyrir þingið
10. Skipan í starfsnefndir - nefndarstörf
  - a) Allsherjarnefnd
  - b) Íþróttanefnd
  - c) Fjárhagsnefnd
  - d) Laganefnd
11. Afgreiðsla mála
12. Kosningar
  - a) Formaður
  - b) Aðalmenn í stjórn
  - c) Varamenn í stjórn
  - d) Skoðunarmenn
  - e) Fulltrúi á íþróttaping ÍSí
13. Önnur mál
14. Þingslit



## Þinggerð

### 1. Þingsetning (kl. 10:12)

Jón Sverrir setti þing og bauð fólk velkomið.

### 2. Starfsmenn þingsins

Formaður gerði tillögu um Ástu Fönn Flosadóttur sem þingforseta sem var samþykkt með lófataki og tók hún við að stýra þingi.

Ásta gerði tillögu að ritarar þings yrðu þau Jón Helgi Pétursson og Gunnhildur Hinriksdóttir og var það samþykkt.

### 3. Kjörbréfanefnd

Þingforseti gerði tillögu um Hermann Aðalsteinsson, Garðar Héðinsson og Jón Sverri Sigtryggsson og var það samþykkt. Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

Þingforseti boðaði örlitla viðbót við dagskrá fundarins að tillögu (sem var samþykkt) og bauð Ásgerði Guðmundsdóttur sjúkráþjálfara og starfsmann Landssambands Eldri borgara velkomin að kynna verkefnið *Bjartur lífsstíl - heilsuefling 60+*.

Ásgerður fór yfir kynningu á verkefninu, aðdraganda þess og markmið. Verkefnið gengur út á að stuðla að aukinni hreyfingu og heilsueflingu eldri fólks. Markmið þess er að veita upplýsingar og stuðning við þá sem bjóða upp á hreyfiúrræði í nærumhverfi fólks auk þess að leitast við að upplýsa fólk um þau úrræði sem í boði eru. Jafnframt að stuðla að samvinnu milli aðila sem eru að standa af starfi sem þessu sem og að stuðla að frekari stefnumótun á þessu sviði. Verkefnið hefur komið upp heimasíðu ([www.bjartlif.is](http://www.bjartlif.is)) þar sem upplýsingar varðandi verkefnið eru aðgengilegar.

### 4. Skýrsla stjórnar og ársreikningar 2021 (kl. 10:40)

Jón Sverrir formaður stjórnar HSP fór yfir skýrslu stjórnar. Í skýrslunni fór hann yfir síðasta ársþing, breytingar á aðildarfélögum, störf stjórnar og helstu viðfangsefni HSP undangengið ár. Skýrsla stjórnar er birt í ársskýrslu HSP fyrir árið 2022.

#### Reikningar sambandsins

Gunnhildur Hinriksdóttir framkvæmdastjóri HSP kynnti reikninga sambandsins og útskýrði staka kostnaðarliði.

Fram kom að tekjur HSP námu 21,3 m.kr. á árinu 2022 samanborið við 20,9 m.kr. árið 2022. Tekjur voru um 3,7 m.kr. umfram áætlun. Rekstrargjöld námu 18,0 m.kr. samanborið við 18,1 m.kr. Áætlun hljóðaði upp á 18,2 m.kr. Hagnaður fyrir fjármagnsliði nam 3,3 m.kr. samanborið við 2,8 m.kr. árið 2021. Áætlun gerði ráð fyrir tapi upp á 0,6 m.kr. Fjármagnsliðir námu 0,4 m.kr. en námu 33 þ.kr. árið á undan. Hagnaður ársins nam 3,7 m.kr. samanborið við 2,9 m.kr. árið 2021. Áætlun gerði ráð fyrir 0,6 m.kr. tapi.

Gunnhildur fór yfir frekari skýringar á kostnaðarliðum.

Fastafjármunir námu 1,5 m.kr. og er sú upphæð óbreytt frá fyrra ári. Veltufjármunir námu 23,8 m.kr. en voru 19,7 m.kr. í árslok 2021. Eignir samtals námu 25,3 m.kr. samanborið við 21,2 m.kr. ár árslok 2021. Eigið fé nam 19,1 m.kr. í árslok 2022 en nam 15,4 m.kr. í árslok 2021. Skammtímaskuldir námu 6,2 m.kr. í árslok 2022 en námu 5,8 m.kr. í árslok 2021.



## 5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Enginn kvað sér hljóðs.

## 6. Álit kjörbréfanefndar

Samtals mættu 44 fulltrúar frá 16 félögum. Full mæting var frá þessum 16 félögum. Engir fulltrúar mættu frá 8 félögum sem áttu rétt á 9 fulltrúum. Hermann fór yfir þá fulltrúa sem skráðir voru mættir og staðfesti veru þeirra á þinginu með nafnakalli. Allir skráðir fulltrúar reyndust staddir á þinginu.

Mættir eru eftirfarandi fulltrúar:

**Golfklúbbur Húsavíkur ( 3/3):** Birna Ásgeirsdóttir, Sigurgeir Höskuldsson, Birna Dögg Magnúsdóttir

**Golfklúbburinn Gljúfri ( 1/1):** Jón Grímsson

**Hestamannafélagið Feykir ( 1/1):** Baldur Stefánsson

**Hestamannafélagið Grani ( 2/2):** Jón Ólafur Sigfússon, Íris Waits

**Hestamannafélagið Snæfaxi ( 2/2):** Hjördís M. Henriksen, Friðgeir Óli Eggertsson

**Hestamannafélagið Þjálfí ( 3/3):** Helga Sigurbjörg S. Heide, Birta Rós Arnarsdóttir, Jón Sverrir Sigtryggson

**Íþróttafélagið Magni ( 4/4):** Stefán Hrafn, Jón Helgi Pétursson, Stefán Ha. Gunnarsson, Ásta F. Flosadóttir

**Íþróttafélagið Völsungur ( 8/8):** Freyr Ingólfsson, Gunnólfur Sveinsson, Lúðvík Kristinsson, Heiðís E. Lúðvíksdóttir, Davíð Þórólfsson, Sigurður P. Dagbjartsson, Hólmgeir Rúnar Hreinsson, Ingvar Björn Guðlaugsson

**Íþróttafélagið Þingeyingur ( 2/2):** Róbert Karl Boulter, Matthildur Dögg Jónsdóttir

**Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag ( 4/4):** Héðinn Björnsson, Kristinn Björn Haraldsson, Skarphéðinn R. Jónsson, Arnar Halldórsson

**Skákfélagið Goðinn ( 1/1):** Hermann Aðalsteinsson

**Skotfélag Húsavíkur ( 2/2):** Gylfi Sigurðsson, Birgir Mikaelsson

**Umf. Bjarmi ( 3/3):** Birna Davíðsdóttir, Karl Magnússon, Dóra Rún Kristjánsdóttir

**Umf. Efling ( 3/3):** Gunnhildur Hinriksdóttir, Kristjana Eysteinsdóttir, Aðalbjörn Jóhannsson

**Umf. Einingin ( 1/1):** Sigurlína Tryggvadóttir

**Umf. Langnesinga ( 4/4):** Úlfhildur Ída Helgadóttir, Dagbjört Aradóttir, Jónas Egilsson, Ragnar Skúlason

Eftirfarandi félög sendu ekki fulltrúa: Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar, Golfklúbbur Mývatnssveitar, Golfklúbburinn Lundur, Skotfélag Þórshafnar og nágrennis, Skotíþróttafélag Norðurlands, Ungmennafélagið Austri, Ungmennafélagið Geisli, Ungmennafélagið Leifur heppni.

## 7. Reikningar bornir undir atkvæði

Ársreikningar 2022 bornir upp til samþykktar.

Ársreikningarnir samþykktir samhljóða.

Þingforseti bauð upp á hléæfingu.

## 8. Ávörp gesta (kl. 11.12)

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, tók til máls. Í máli hans kom m.a. fram að yfir stæði vinna á vegum UMFÍ og ÍSÍ varðandi íþróttahéruð en í dag eru þau 25 talsins en hafa þróast með mjög misjöfnum hætti á undangengnum árum. Fram kom að UMFÍ hafi flutt starfsemi sína og sé núna á sama stað og ÍSÍ og fleiri aðilar á sambærilegu sviði. UMFÍ sér nú um rekstur á skólabúðum á tveimur stöðum á landinu. Jóhann greindi einnig frá viðburðum sem UMFÍ stóð fyrir á síðasta ári, m.a. þeim sem eru nýir af nálinni. Að endingu veitti Jóhann Birgi Mikaelssyni í Skotfélagi Húsavíkur starfsmerki UMFÍ fyrir störf í þágu ungmennafélaga. Í



umsögn um Birgi kom m.a. fram að hann hafi verið félaginu drjúgur liðsmaður í uppbyggingu á svæðinu og alltaf verið boðinn og búinn að aðstoða við ýmis verk, í gegnum tíðina, þegar á hefur þurft að halda. Félagið kann honum miklar þakkir.

Viðar Sigurjónsson, frá ÍSÍ, tók til máls. Viðar færði þinginu kveðjur ÍSÍ og hvatti m.a. félögin til að leita eftir stuðningi ÍSÍ í sínum viðfangsefnum. Hann ræddi lauslega skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið á starfsemi ÍSÍ. Viðar kom einnig inn á mikilvægi sjálfbóðaliðastarfs innan hreyfingarinnar og sagði það trú sína að framboð væri af einstaklingum sem vildu gjarnan taka þátt í starfinu en fælist e.t.v. frá þar sem fólk þekki ekki hvert verkefnið er og óttist jafnvel að gefi það kost á sér þá verði það gleypt af starfinu. Lagði hann áherslu á að félögin leiti eftir starfskröftum fólks með markvissum hætti þar sem um leið séu mögulegir þátttakendur fræddir um það til hvers er ætlast. Viðar fór yfir menntun og fræðslu sem ÍSÍ stendur fyrir og stendur félögum innan hreyfingarinnar til boða. Viðar ræddi fyrirmyndarfélög og hvatti félög til að skoða möguleika á vottun sem slík. Án efa færi mikið fyrirmyndarstarf fram innan félagana og því um að gera fyrir félögin að taka skrefið til fulls og sækja um vottun, enda hjálpi það mikið í starfinu að vera með skriflegar innri reglur og viðbragðsáætlanir. Að sama skapi hvatti hann HSP til að sækjast eftir því að sækja um vottun sem fyrirmyndarhérað. Að endingu kom Viðar inn á mikilvægi þess að hafa gleði við völd í störfum félaganna, án þess myndi félagsstarfsemi sem þessi fljótt lognast út af.

Að þessum ávörpum loknum gerði þingforseti hlé á dagskránni til að veita viðurkenningar og veitti Jón Sverrir þær:

Silfurmerki HSP:

- Jónasi Egilssyni (UMFL) var veitt silfurmerki HSP fyrir störf sín í þágu HSP, m.a. sem formaður. Í umsögn um hann kom m.a. fram að hann tók við formannssæti HSP árið 2018 og stýrði sambandinu í 4 ár. Undir hans formennsku voru lög sambandsins voru uppfærð, settar voru siðareglur og viðbragðsáætlanir, sjóðir voru sameinaðir og sett var fram stefna sambandsins *Æfum alla ævi*. Félögin voru á þeim tíma kannski ekki tilbúin að grípa þann bolta á lofti, enda flest að hugsa um íþróttir og hreyfingu barna og unglinga en ekki í stærra samhengi lýðheilsu almennings. Margt var hægt að læra undir stjórn Jónasar, enda hann alvanur störfum íþróttahreyfingarinnar. Er honum þakkað fyrir sitt framlag til íþróttamála innan HSP.

Gullmerki HSP

- Birni Ingólfssyni (Magna) var veitt gullmerki HSP fyrir störf sín á sviði íþróttar og félagsstarfsemi. Í umsögn um hann kom fram: Nafn Björns Ingólfssonar er ekki nefnt án þess að upp komi í hugann íþróttir, borðtennis, félagsstörf og skrif um ungmennafélagahreyfinguna. Þrátt fyrir að nokkuð sé liðið frá því að Björn hafi starfað í nefndum HSP þá hefur hann á sinni starfsævi verið mikill stuðningsmaður íþróttar- og félagsstarfs og er það stjórn HSP mikil ánægja að sæma hann Gullmerki HSP fyrir störf sín. fyrir störf sín á sviði íþróttar og félagsstarfsemi.
- Heimi Ásgeirssyni (Magna) var veitt gullmerki HSP fyrir störf sín í þágu knattspyrnunnar fyrir mikla vinnu „á bak við tjöldin“. Umsögnin um Heimi: Heimir er þessi maður á bak við tjöldin sem er öllum ungmenna- og íþróttafélögum nauðsynlegur. Hann byrjaði ungur í fótboltanum og hefur nær allar götur síðan verið að brasa á íþróttavellinum, og ætli það telji ekki yfir 30 ár! Fyrst sem knattspyrnumaður en síðar breyttist hlutverkið og hefur hann unnið mikið og gott starf við að halda vellinum flottum og góðum. Stjórn HSP er mikil ánægja að veita Heimi þessa viðurkenningu fyrir störf sín í þágu íþróttahreyfingarinnar.



Björn Ingólfsson tók til máls, þakkaði fyrir sig og sagði stutta sögu um hvernig hann og HSP ætti að hluta sameiginlega sögu. Það vildi svo til að þegar nafni sambandsins var breytt úr Sambandi þingeyskra ungmennafélaga (SPU) í Héraðssamband Suður-Þingeyinga þá nefnilega gerðist það svo til á sömu stundu og hann kom í heiminn.

Jón Sverrir veitti þá viðurkenningar fyrir íþróttamenn ársins en auk farand- og eignabikara hlutu íþróttamennirnir peningalegan styrk frá HSP og Sparisjóði Suður-Þingeyinga. Íþróttamenn ársins 2022 voru:

- Dagný Þóra Gylfadóttir hlaut viðurkenningu sem bardagamaður HSP.
- Aron Fannar Skarphéðinsson, Völsungi, hlaut viðurkenningu sem bocciamaður HSP – fulltrúi Arons tók við viðurkenningunni.
- Heiðdís Edda Lúðvíksdóttir, Völsungi, hlaut viðurkenningu sem blakmaður HSP.
- Einar Eyþórsson, Mývetningi, hlaut viðurkenningu sem glímumaður HSP – fulltrúi Mývetnings tók við viðurkenningunni.
- Hólmeir Rúnar Hreinsson, Völsungi, hlaut viðurkenningu sem frjálsíþróttamaður HSP.
- Árdís Rún Þráinsdóttir, Völsungi, hlaut viðurkenningu sem knattspyrnumaður HSP.
- Smári Sigurðsson, Skákkfélaginu Goðanum, hlaut viðurkenningu sem skákmaður HSP.
- Kristján Ragnar Arnarson, Skotíþróttafélagi Norðurlands, hlaut viðurkenningu sem skotíþróttamaður HSP – hvorki Kristján eða fulltrúar hans voru viðstödd til að taka við viðurkenningunni.

Að endingu var tilkynnt að Heiðdís Edda Lúðvíksdóttir hafi verið kjörin íþróttamaður HSP 2022 og tók hún við viðurkenningu vegna þessa úr hendi formanns.

Að þessu loknu (kl. 12:05) var öllum viðstöddum boðið að snæða hádegisverð sem borinn var fram af Kvenfélaginu Hlín á Grenivík.

## 9. Mál lögð fyrir þingið (kl. 12:38)

Þingforseti byrjaði á því að leggja fyrir þingið tillögu þess efnis að allsherjarnefnd og íþróttanefnd myndu verða sameinaðar í nefndarstörfum. Tillagan var samþykkt samhljóða.

### Þingskjal 1

Lagt fram af stjórn HSP

Þakkar- og hvatningartillögur

**Ársþing HSP, haldið á Grenivík 26. febrúar 2023**, færir Langanesbyggð, Norðurþingi, gamla Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit, Grýtubakkahrepp, Tjörneshrepp og Sparisjóði Suður-Þingeyinga bestu þakkir fyrir veittan stuðning og samstarf á árinu 2022. Stuðningur sveitarfélaga og fyrirtækja er mikilvægur hlekkur í því að halda úti starfsmanni á vegum HSP og efla starf HSP.

**Ársþing HSP, haldið á Grenivík 26. febrúar 2023**, hvetur alla félaga, unga sem aldna, að fjölmenna á mót UMFÍ í sumar en þau eru Landsmót UMFÍ 50+ haldið í Stykkishólmi dagana 23.-25. júní, og Unglingalandsmót UMFÍ sem fer fram á Sauðárkróki 4.-6. ágúst. Allar upplýsingar um mótin eru á heimasíðu UMFÍ [www.umfi.is](http://www.umfi.is).

*Þingskjali 1 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar*

### Þingskjal 2

Lagt fram af stjórn HSP

Breytingar á aðildarfélögum HSP

**Ársþing HSP, haldið á Grenivík 26. febrúar 2023**, samþykkir eftirfarandi breytingar á aðildarfélögum HSP:



- i. Skráningu Umf. Snartar úr HSP
- ii. Skráningu Umf. Öxfirðinga úr HSP
- iii. Skráningu Umf. Tjörnesinga úr HSP
- iv. Skráningu Umf. Aftureldingar úr HSP
- v. Skráningu Umf. Gaman og Alvöru úr HSP
- vi. Skráningu Ungmenna- og íþróttafélags Bakkafjarðar úr HSP

**Greinargerð:**

Í 19.gr. laga HSP stendur: „Skylt er hverju félagi að greiða til sambandsins árgjald fyrir hvern félagsmann, 18 ára og eldri, og ákveður ársþing upphæð þess hverju sinni. Gjaldtagi er 1. júní og skal miða við félagatal skv. starfsskýrslum til ÍSÍ/UMFÍ sama ár. Nú gerir félag engin skil til sambandsins þrjú ár samfelld. Hefur þá ársþing heimild til að vísa því félagi úr sambandinu, enda skal stjórnin hafa aðvarað það.“

Sl. vor var haft samband við stjórnir þessara félaga og í kjölfarið þeim send bréf með slíkri aðvörun sem getið er í 19. grein. Jafnframt var félögunum boðin aðstoð við að halda aðalfundi félaganna. Engin svör bárust frá félögunum og er því gerð tillaga að því að skrá þessi félög úr HSP enda hafa þau ekki gert skil til sambandsins, mörg hver til fjölda ára.

**Þingskjal 2 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar**

**Þingskjal 3**

**Lagt fram af stjórn HSP**

**Fjárhagsáætlun 2023**

**Ársþing HSP, haldið á Grenivík 26. febrúar 2023, samþykkir framlagða fjárhagsáætlun ársins 2023.**

**Greinargerð:** Helstu tekjur sambandsins eru lottótekjur og rekstrarstyrkir frá sveitarfélögum. Tekjur eru almennt varlega áætlaðar. Árgjöld félaga eru kr. 500,- per félagsmann 18 ára og eldri.

<b>Fjárhagsáætlun HSP 2023</b>					
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>ÁÆTLUN 2023</b>	<b>Rekstur 2022</b>	<b>ÁÆTLUN 2022</b>	<b>Rekstur 2021</b>	<b>Rekstur 2020</b>
<b>Framlög og styrkir</b>	<b>17.370.000</b>	<b>19.729.540</b>	<b>16.491.760</b>	<b>19.349.136</b>	<b>18.899.808</b>
Lottó	13.500.000	14.921.414	12.000.000	14.749.284	13.067.988
Getraunir 1x2	250.000	267.899	150.000	167.486	220.330
Rekstrarstyrkir sveitarfélaga	2.560.000	3.409.280	3.381.760	3.108.480	3.665.040
Styrkir ÍSÍ (útb. styrkur)	750.000	965.414	650.000	773.886	736.961
Styrkir v/ULM	200.000	-	200.000	40.000	-
Styrkir v/Æfum alla ævi	-	-	-	400.000	1.150.000
Aðrir styrkir	110.000	165.533	110.000	110.000	59.489
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>1.340.000</b>	<b>1.592.500</b>	<b>1.140.000</b>	<b>1.556.000</b>	<b>1.950.091</b>
Skattar félaga	1.300.000	1.418.500	1.100.000	1.432.000	1.626.000
Leiga HSP tjaldi	40.000	170.000	40.000	120.000	-
Tekjur v/æf.búða, námsk. o.fl.	-	-	-	-	319.091
Vörusala (búningar, bækur, pennar ofl.)	-	4.000	-	4.000	5.000
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>18.710.000</b>	<b>21.322.040</b>	<b>17.631.760</b>	<b>20.905.136</b>	<b>20.849.899</b>
<b>Rekstrargjöld</b>					
Laun og launatengd gjöld	5.000.000	3.738.875	5.000.000	3.664.963	7.487.529
50% v/frkv.stjóri	5.000.000	3.738.875	5.000.000	3.664.963	4.137.755
50% v/Æfum alla ævi	-	-	-	-	3.349.774
Styrkir til félaga	10.125.000	11.173.512	9.000.000	11.136.440	9.986.160
Lottó	10.125.000	11.173.512	9.000.000	11.136.440	9.931.671
Ferðastyrkir	-	-	-	-	54.489
Búningar, áhöld og tæki	50.000	-	50.000	-	-
Þátttaka í mótum	250.000	68.234	250.000	-	-
Þátttökukostn. ULM	200.000	52.000	200.000	-	-



Annar kostnaður	50.000	16.234	50.000	-	-
Verðlaun, bikarar og annar mótakostn.	100.000	103.900	100.000	90.000	-
Húsaleiga / rekstur mannvirkja	130.000	50.360	120.000	120.000	120.000
Húsaleiga Laugar	130.000	50.360	120.000	120.000	120.000
Rekstur skrifstofu	2.000.000	1.551.939	1.900.000	1.088.395	944.764
Sími, ritföng, póstkostnaður	50.000	44.551	50.000	39.185	42.547
Funda- og þingkostnaður Ársþing HSP	750.000	755.591	650.000	552.384	292.578
Ferðakostnaður stjórnar	100.000	-	100.000	-	-
Ferðak. Fundir/Þing UMFÍ og ÍSÍ	400.000	104.910	400.000	75.908	-
Bókhald og endurskoðun	350.000	286.780	350.000	235.584	385.913
Auglýsingakostnaður	150.000	117.738	150.000	113.486	110.834
Annar skrifstofukostnaður	200.000	242.369	200.000	71.848	112.892
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	1.375.000	1.239.095	1.600.000	1.948.398	1.964.136
Nýr verkefna- og styrktarsjóður	1.075.000	939.095	1.000.000	1.324.810	-
Fræðslusjóður	-	-	-	-	1.034.000
Styrkir Frjálsíþr.ráð	300.000	300.000	300.000	300.000	500.000
Afreksmannasjóður	-	-	-	-	-
Akstursjóður	-	-	-	-	419.875
Annar kostnaður	-	-	300.000	323.588	10.261
Breyting vörubirgða	100.000	4.000	100.000	-	-
Önnur gjöld	100.000	84.557	100.000	14.243	14.825
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>19.230.000</b>	<b>18.014.472</b>	<b>18.220.000</b>	<b>18.062.439</b>	<b>20.529.414</b>
Vaxtatekjur	50.000	370.725	50.000	34.011	61.622
Vaxtagjöld	15.000	-	15.000	567	13.556
<b>Hagnaður/tap</b>	<b>- 485.000</b>	<b>3.678.293</b>	<b>- 553.240</b>	<b>2.876.141</b>	<b>368.551</b>

### Þingskjal 3 vísad til fjárhagsnefndar

#### Þingskjal 4

Lagt fram af stjórn HSP

#### Staðsetning næsta ársþings

**Ársþing HSP, haldið á Grenivík 26. febrúar 2023**, samþykkir að næsta ársþing HSP verði haldið af Ungmennafélaginu Eflingu í Þingeyjarsveit.

### Þingskjal 4 vísad til allsherjar- og íþróttanefndar

#### Þingskjal 5

Lagt fram af stjórn HSP

#### Breytingar á reglugerð verkefna- og styrktarsjóðs HSP

**Ársþing HSP, haldið á Grenivík 26. febrúar 2023**, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð verkefna- og styrktarsjóðs HSP. ~~Yfirstríkað~~ er það sem fellur út úr reglugerðinni, viðbætur og breytingar eru **skáletraðar**.

**Greinargerð:** Verið er að skýra reglur sjóðsins þannig þær verði meira lýsandi fyrir bæði umsækjendur og sjóðsstjórn. Reglugerð sjóðsins eins og hún hljóðar í dag er að finna í ársskýrslu HSP 2022. Jafnframt eru lagðar fram í þingskjali 6 tillögur að vinnuviðmiðum fyrir sjóðsstjórn.

1. gr. Sjóðurinn heitir Verkefna- og styrktarsjóður HSP og er **var** stofnaður á ársþingi HSP 2021 með stofnframlagi ~~núverandi~~ **þáverandi** innistæða Afreksmanna-, Aksturs- og Fræðslusjóðs HSP.

5. gr. Markmið sjóðsins er m.a. að styrkja eftirfarandi:

- Verkefni sem styðja afreksíþróttafólk í að sækja sér þjálfun eða taka þátt í mótum sem eru viðbót við reglubundna þjálfun eða keppni.** Íþróttafólk sem hefur hæfileika og getu til þess að ná langt í sinni íþróttgrein.





- b. **Þátttöku þjálfara, starfsfólks og stjórnna** í Félagsmenn (iðkendur, þjálfara, starfsfólk og stjórnarfólk) til þátttöku í fræðslunámskeiðum, ráðstefnum eða fundum sem er íþróttalífi og félagsstarfi í héraði til bóta.
- c. **Námskeiðahaldi aðildarfélaga og sérráða** – Fræðsluerindi innan héraðs fyrir iðkendur, þjálfara, dómara eða sjálfboðaliða. Skilyrði er að opið sé fyrir þátttöku frá öllum aðildarfélögum HSP.
- d. **Aksturskostnað vegna þátttöku barna og unglinga, 18 ára og yngri, í skipulögðum íþróttæfingum á vegum aðildarfélaga HSP.** Ferðakostnað einstaklinga vegna æfinga og keppni innanlands og erlendis.
- e. Nýjungar og sérstök verkefni.

Stjórn sjóðsins skal setja sér vinnureglur vegna úthlutunar styrkja og ákveður styrkuppþæðir hverju sinni, þ.m.t. hámarksuppþæðir til einstaklinga/hópa og fjölda styrkja til sama einstaklings/hóps/verkefnis innan sama árs.

6.gr. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári og skulu umsóknir hafa berist **berast** fyrir 15. maí vegna **fyrri úthlutunar verkefna** sem hefjast á tímabilinu frá 1. nóvember sl. árs til 30. apríl sama árs, og fyrir 15. nóvember **vegna seinni úthlutunar verkefna** sem hefjast á tímabilinu frá 1. maí til 31. október sama árs. Heimilt er að veita út sjóðnum við fyrri úthlutun 50% af því fé sem í honum er ásamt 50% af tekjuafgangi síðasta árs og við síðari úthlutun því fjármagni sem eftir er í sjóðnum. Styrkuppþæðir fara eftir fjármagnsgetu sjóðsins.

7.gr. Eingöngu félagsmenn aðildarfélaga HSP geta sótt um styrk úr sjóðnum, **sérráð** sem og stjórnir aðildarfélaga HSP. Sjóðurinn styrkir eingöngu þá sem iðka/þjálfar íþrótt sína og/eða keppa og starfa undir merkjum HSP og aðildarfélaga þess. Þó geta félagsmenn aðildarfélaga HSP sem lögheimili hafa á sambandsvæðinu og stunda íþróttir á vegum ÍSÍ sem ekki er keppt í á vegum aðildarfélaga eða sérráða HSP sótt um styrk úr sjóðnum.

8.gr. Umsóknnum skal skilað ~~rafrent~~ til framkvæmdastjóra eða formanns **skrifstofu** HSP á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram kemur **m.a.:** nafn félags; nafn umsækjanda/ábyrgðarmanns, símanúmer, netfang og reikningsupplýsingar; heiti verkefnis og lýsing á verkefninu sem sótt er um; **fjármögnun og aðrir sjóðir sem sótt er í;** fyrirhuguð ráðstöfun styrks og upphæð sem sótt er um, **ásamt fylgiskjölum.**

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til þess að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði s.s. leita umsagnar annarra aðila og krefjast staðfestingar á verkefninu t.d. með afritum af reikningum og kvittunum.

10.gr. Sjóðsstjórn **forgangsraðar umsóknum og** metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar og skal á hverju ársþingi HSP gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum. **Sjóðsstjórn ber ekki að rökstyðja tillögur sínar.**

#### Þingskjali 5 vísað til laganevndar

#### Þingskjal 6

##### Lagt fram af stjórn HSP

##### Vinnuviðmið verkefna- og styrktarsjóðs HSP

**Ársþing HSP, haldið á Grenivík 26. febrúar 2023,** samþykkir eftirfarandi tillögur að vinnuviðmiðum fyrir stjórn verkefna- og styrktarsjóðs HSP.

**Greinargerð:** Skjalið er lagt fram með ýmsum hugmyndum að því hver konar verkefnið íþróttahreyfingin vill sjá styrkt og er unnið út frá fyrri umsóknum og úthlutunum, úthlutunarreglum eldri sjóða HSP og hugmyndum frá öðrum íþróttahéruðum. Tillögurnar eru lagðar fram í samræmi við breytingar á 5.gr. reglugerðar sjóðsins sem lagðar eru fram í þingskjali 5.

Texti með venjulegri leturgerð er tillaga. **Skáletraður texti** eru frekari vinnuhugmyndir varðandi hámarksfjölda styrkja/umsókna, hámarksuppþæðir o.þ.h. og er þinginu falið að vinna þessar hugmyndir betur (eða aðrar sem kunnu að koma upp) og bæta inn sem tillögum eða strika út. Innkoma í sjóðinn skv. lottóreglugerð var kr. 747.700 árið 2022.

#### Tillögur að vinnuviðmiðum fyrir stjórn verkefna- og styrktarsjóðs HSP

Sjóðurinn styrkir:

##### Verkefni sem falla undir 5.gr. lið a):

- Kostnað vegna unglinga- og landsliðsverkefna.
  - Að hámarki 3 ferðir á ári. (**Hámarksgreiðsla per einstakling er 40.000 per ferð, (120.000 á ári?)**)
  - **Iðkendur þurfa oft að greiða fastan kostnað – algengt 50-100.000 per ferð**
  - **Við bætist etv. ferðakostn. innanlands, á að styrkja það líka?**
- Hægt er að sækja um styrk vegna kostnaðar við æfingabúðir fyrir afreksíþróttafólk.



- Að hámarki 1 ferð á ári. (*Hámarksgreiðsla per einstakling er 50.000 per ferð?*)
- Íþróttafólkið þarf að standa frammarlega m.v. styrkleikaflokkun í sinni grein (úrvalshópur, landslið o.þ.h.).
- *Hvað með meistaraflokka í hópíþróttum t.d. Völsungur blak og fótolti, Magni fótolti?*
- Hægt er að sækja um fararstjórnastyrk fyrir keppnisferðir félagsliða.
  - Að hámarki 1 ferð á ári ?
- Hægt er að sækja um styrk vegna kostnaðar við að sækja æfingar eða þjálfun vegna betri aðstöðu eða þjálfara.
  - Hámark 3 verkefni á ári. (*Hámark 50.000 per verkefni?*)
  - Umsækjandi þarf að skila áætlun/yfirliti um ferðir og þjálfun í umsókn, ástæðu umsóknar og rökstuðningi.
- Hægt er að sækja um afreksstyrk vegna EM, HM eða ÓL í unglinga- og fullorðinsflokki.
  - Hámark 3 umsóknir á einstakling á ári.

#### Verkefni sem falla undir 5.gr. lið b):

- Námskeiðsgjöld en ekki kostnað vegna ferða og uppihalds.
  - Að hámarki 3 námskeið á ári per einstakling. (*hámark 25.000 hvert námskeið?*)

#### Verkefni sem falla undir 5.gr. lið c):

- Kostnað vegna fyrirlesara/námskeiðshaldara.
  - Hámark 2 námskeið per félag/deild á ári. (*Hámark 50.000 per námskeið?*)

#### Verkefni sem falla undir 5.gr. lið d):

- Kostnað vegna aksturs þjálfara á milli svæða
  - *Hámarksfjöldi ferða/viku per félag? Hámarksfjöldi km yfir tímabil (haust, vetur, sumar)?*
- Kostnað vegna aksturs foreldra/félaga á æfingar
  - *Draga frá einhverja lágmarksvegalengd? .. 20 km í hvora átt? Hvað er „eðlilegt“ á okkar svæði að þurfa að keyra langt til að fara á æfingu?*
  - *Hámarksstyrkur per einstakling á ári? Hámarksfjöldi km. sem eru styrktir?*
    - Í umsókn þarf að koma fram: Akstur einstaklings / samakstur barna: Hverjir aka saman (hvaða foreldrar/fjölskyldur/börn). Hvað eru mörg börn að taka þátt í æfingunum/akstrinum, hver er áætluð heildarvegalengd fram og til baka að æfingastað í hverri ferð (frá hvaða bæ er lengst að fara). *þarf að taka fram hvort um rafmagnsbíl er að ræða í akstri?*

**Verkefni sem falla undir 5.gr. lið e):** Engin vinnuviðmið sett hér, enda opinn liður fyrir nýjungar og sérstök verkefni.

#### Þingskjal 6 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar

#### Þingskjal 7

Lagt fram af stjórn HSP

#### Lagabreytingar

**Ársþing HSP, haldið á Grenivík 26. febrúar 2023**, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum HSP. ~~Yfirstríkað~~ er það sem fellur út úr reglugerðinni, viðbætur og breytingar eru *skáletraðar*.

*Greinargerð:* Þrátt fyrir að lög HSP hafi verið uppfærð 2021 hefur komið í ljós að lagagreinarnar þurfa að vera skýrari. Lög HSP eins og þau hljóða í dag er að finna í ársskýrslu HSP 2022. Breytingar sem lagðar eru til varða aðallega kafla IV um aðildarfélög og skyldur þeirra:

Breytingar á 2. gr. Síðustu 2 mgr. h)-liðs falla undir breytta 19. grein:

h) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaganna fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Í því skyni skal HSP hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum aðildarfélaganna/sérráða sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn HSP tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélag/sérráðs. ~~Aðildarfélög/sérráð getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggiltis endurskoðanda.~~

2. gr. verður:



h) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarféлага fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.

---

Breytingar á 17. gr. Bætt við skýrari ákvæðum vegna inngöngu félaga í HSP. Gerð er krafa um skýrslu vegna stofnfundar sem sé sannanlega auglýstur. Eldri félög skili fundargerð þar sem ákvörðun félags að ganga í HSP er tekin fyrir og samþykkt:

Vilji félag ganga í sambandið sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, stjórn og félagatal. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki ársþings sambandsins, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaraðild til næsta ársþings. Innganga nýs aðildarfélags er einnig háð samþykki ÍSÍ á lögum viðkomandi félags.

17. gr. verður:

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn HSP skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, *stofnfundargerð*, *stjórnskipan* og félagatal. *Auglýsa skal stofnfund hins nýja félags á sannanlegan hátt með a.m.k. viku fyrirvara*. Inntaka félags verður að hljóta samþykki ársþings sambandsins, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaraðild til næsta ársþings. Innganga aðildarfélags er einnig háð samþykki ÍSÍ á lögum viðkomandi félags.

*Félag sem skráð hefur verið úr sambandinu getur óskað eftir aðild að HSP að nýju. Er þá félagið undanskilið kröfu um skýrslu um stofndag og úr en skila þarf fundargerð þar sem aðildarumsókn til HSP er tekin fyrir og samþykkt.*

---

Breytingar á 19. og 20. gr. Nýr texti kemur inn í 19.gr. með skýrari ákvæðum um að aðildarfélögum beri að fylgja sínum lögum varðandi að halda aðalfundi, tilkynna HSP um aðalfundi og senda HSP afrit af fundargerð og samþykktum ársreikningum. Fyrsta mgr. úr eldri 20.gr. er lítillaga breytt og sett undir 19. gr. sem og tvær síðustu mgr. úr h)-lið 2.gr. Er þetta gert til þess að stjórn HSP geti betur fylgst með og verið upplýst um starf aðildarfélaganna. Nýr texti kemur inn í 20. gr. með ákvæðum um árs- og starfsskýrsluskilum til HSP og ÍSÍ og texti úr eldri 19. gr. fer undir 20. gr. en brott falla síðustu 2 mgr.

19. gr. var: Skylt er hverju félagi að greiða til sambandsins árgjald fyrir hvern félagsmann, 18 ára og eldri, og ákveður ársþing upphæð þess hverju sinni. Gjaldþagi er 1. júní og skal miða við félagatal skv. starfsskýrslum til ÍSÍ/UMFÍ sama ár. Nú gerir félag engin skil til sambandsins þrjú ár samfellt. Hefur þá ársþing heimild til að vísa því félagi úr sambandinu, enda skal stjórnin hafa aðvarað það.

20. gr. var: Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn HSP, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Ársþingi HSP er heimilt, hafi aðildarfélag ekki farið að lögum og/eða fyrirætlum þess, að ákveða að víkja félaginu úr HSP. Ákveði ársþing HSP að víkja félagi úr því er stjórn HSP skylt að tilkynna það til ÍSÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

19. gr. verður:

*Hvert aðildarfélag skal halda aðalfund, leggja fram skýrslur og ársreikninga og bera upp við félagsmenn sína eins og lög þess gera ráð fyrir og staðfest hafa verið af HSP og ÍSÍ. Senda skal aðalfundarboði aðildarféлага til skrifstofu HSP. Fundargerðir aðalfunda ásamt ársreikningum félags skal senda stjórn HSP eigi síðar en tveimur vikum eftir að aðalfundur hefur farið fram.*

Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma *ber* stjórn HSP, *sé þess óskað, að aðstoða við boðun og framkvæmd aðalfundarins*. Í því skyni skal HSP hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum aðildarféлага/sérráða sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn HSP tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/sérráðs. Stjórnir aðildarféлага/sérráða geta krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda *og skal kostnaður við það greiddur af aðildarfélaginu*.

20. gr. verður:

*Fyrir 1. febrúar skulu aðildarfélög HSP skila skriflegri ársskýrslu til HSP, sem birtist í ársskýrslu HSP. Þar skal tilgreina aðalstjórn og stjórnir deilda og nefnda ef við á ásamt sögulegu yfirliti yfir starfið. Aðildarfélög HSP skulu skila starfsskýrslum með féлага- og iðkendatölum og tölum úr ársreikningum í gegnum félagakerfi íþróttahreyfingarinnar fyrir 15. apríl ár hvert.*



Skylt er hverju félagi að greiða til sambandsins árgjald fyrir hvern félagsmann, 18 ára og eldri, og ákveður ársþing upphæð þess hverju sinni. Gjaldþagi er 1. júní og skal miða við félagatal skv. starfsskýrslum til ÍSÍ/UMFÍ sama ár.

---

21. gr. Ný grein kemur inn undir IV. kafla. Nýr texti kemur inn varðandi viðurlög við því að fylgja ekki lögum HSP. Hlutar eldri 20.gr. breytast í samræmi við nýjan texta og verða hluti af 21. gr.

21. gr. verður:

*Hvert það aðildarfélag sem ekki hefur haldið aðalfund, sent skýrslur og ársreikninga eða greitt árgjöld í samræmi við 19. og 20. grein, missir atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi HSP. Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum skal ársþing HSP víkja félaginu úr sambandinu. Víki ársþing HSP félagi úr sambandinu er stjórn HSP skylt að tilkynna það til ÍSÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.*

---

Næstu greinar fá nýtt númer vegna þessarar viðbótargreinar í IV. kafla, þannig verður eldri 21. gr. að 22. gr. o.s.frv.

### *Þingskjal 7 vísað til laganefndar*

#### Þingskjal 8

*Lagt fram af stjórn HSP*

*Hvatning til aðgerða*

**Ársþing HSP, haldið á Grenivík 26. febrúar 2023**, hvetur stjórn HSP til þess að framfylgja samþykktum þingsins árið 2021 og vinna að eflingu starfsins sbr. niðurstöður málefnavinnu frá þinginu 2022, nánar tiltekið:

- Frá 2021: þingskjal 5 var samþykkt svo: *Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021, samþykkir að heimila stjórn HSP að stofna sérráð í þeim íþróttagreinum sem a.m.k. tvö aðildarfélög stunda. Sérráðin verði skipuð skv. lagabreytingartillögum HSP og stjórn HSP falið að koma á samtali milli félaganna um möguleg mót, verkefni eða annað samstarf tengt íþróttagreininni.*
- Frá 2021: þingskjal 6 var samþykkt svo: *Ársþing HSP, haldið í Þórsveri 20. mars 2021, samþykkir að fela stjórn HSP að kortleggja, í samvinnu við félög og sérráð, hvaða aðstöðu þarf til þess að halda stærri mót heima í héraði s.s. mót á vegum UMFÍ eða á vegum sérsambanda ÍSÍ, og hvetja þannig aðildarfélög/sérráð, í samstarfi við stjórn HSP og hlutaðeigandi sveitarfélög, til þess að sækja um að halda stærri mót.*
- Frá 2022: þingskjal 5, niðurstöður málefnavinnu:
  - **Hvað getur félagið/HSP gert til þess að bæta starfið?** – Samnýta þjálfara og dómara (þjálfaramenntun og dómaramenntun), milliganga um sérhannað æfingarhúsnæði (t.d. á Akureyri), efla samstarf foreldra og sameinast í bíla. Auka samvinnu milli félaga m.t.t. fræðslu og sameiginlega viðburði. App fyrir snjalltæki um starf stjórna til að auðvelda það.
  - **Á að efla samstarfið innan héraðs?** – Já. Samnýta þjálfara. Æfingabúðir. Auka upplýsingaflæði um starfsemi milli félaga. Viðburðarstjórnun. Þjálfarabúðir, efla fræðslu, akstursstyrkur, héraðsmót.

### *Þingskjal 8 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar*

#### Þingskjal 9

*Lagt fram af stjórn HSP*

*Sportabler innan HSP*

**Ársþing HSP, haldið á Grenivík 26. febrúar 2023**, samþykkir að HSP kaupi áskrift að skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar (Sportabler í dag) til að ná fram betri kjörum fyrir aðildarfélögin sem vilja nýta skráningarkerfið. Aðildarfélög HSP, sem óska þess að fá aðgang, skuldbinda sig til að greiða fyrir það í hlutfalli við lottóúthlutun.

*Greinargerð:*

Eftir að Felix skráningarkerfið var lagt niður hefur utanumhald félaga- og iðkendatals fjarlægst nútímann og er vart í takt við tækniframfarir þessarar aldar. Sportabler skráningarkerfið býður upp á fjölmarga möguleika aðra en eingöngu



tölvukerfi til að halda utan um félag og iðkendur. Í gegnum kerfið er mögulegt að rukka félagsgjöld, æfingagjöld, og fleira og eiga í samskiptum við notendur og hópa.

Í dag er lottóreglugerðin það sem gefur okkur e.t.v. besta mynd af umfangi starfs aðildarfélaganna. Því er lagt til að kostnaði verði deilt niður á félögin í hlutfalli við fulla lottóúthlutun félaga (án skerðinga) út frá þátttökufélögum.

HSP hefur vísitölutengt tilboð í höndunum sem gildir til eins árs upp á kr. 1.110.122 fyrir árið (án vísitöluhækkana). Stærð/umfang félaga út frá fullum hagnaði þeirra í lottó sl. ár (áætlað fyrir ný félög) má sjá í töflunni, og þá gjald þeirra fyrir árið taki öll virk félög HSP þátt. Í töflunni er einnig viðmið ef t.d. aðeins annað hvert félag tekur þátt. Tilboðið gildir til árs frá undirritun samnings.

Félag	Öll virk félög taka þátt		Annað hvert félag með		Annað hvert félag með	
	%af lottó	Gjald	%af lottó	Gjald	%af lottó	Gjald
Akstursíþróttafélag Mývatnssv.	0,60%	6.608	0,87%	9.669		
Golfklúbbur Húsavíkur	3,80%	42.164			12,00%	133.179
Golfklúbbur Mývatnssveitar	0,35%	3.905	0,51%	5.714		
Golfklúbburinn Gljúfri	0,35%	3.905			1,11%	12.335
Golfklúbburinn Lundur	0,48%	5.360	0,71%	7.843		
Hestamannafélagið Feykir	1,07%	11.858			3,37%	37.455
Hestamannafélagið Grani	6,97%	77.360	10,20%	113.199		
Hestamannafélagið Snæfaxi	2,45%	27.144			7,72%	85.737
Hestamannafélagið Þjálfí	4,36%	48.384	6,38%	70.799		
Íþróttafélagið Magni	5,90%	65.473			18,63%	206.801
Íþróttafélagið Völsungur	33,61%	373.160	49,19%	546.032		
Íþróttafélagið Þingeyingur	4,35%	48.322			13,75%	152.628
Mývetningur íþrótt og ungm.	5,35%	59.402	7,83%	86.920		
Skákfélagið Goðinn	0,89%	9.860			2,81%	31.143
Skotfélag Húsavíkur	1,14%	12.697	1,67%	18.580		
Skotfélag Þórshafnar og nágrennis	0,43%	4.720			1,34%	14.907
Skotíþróttafélag Norðurlands	0,43%	4.720	0,62%	6.906		
Umf. Austri	2,30%	25.515			7,26%	80.591
Umf. Bjarmi	3,07%	34.113	4,50%	49.917		
Umf. Efling	9,84%	109.237			31,08%	345.034
Umf. Einingin	1,38%	15.311	2,02%	22.404		
Umf. Geisli	0,29%	3.265			0,93%	10.313
Umf. Langnesinga	10,60%	117.641	15,51%	172.140		
Samtals	100%	1.110.122	100%	1.110.122	100%	1.110.122

## Þingskjal 9 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar

### Þingskjal 10

Lagt fram af stjórn HSP

Breyting á reglugerð um kjör íþróttamanns og veitingu hvatningarverðlauna HSP

**Ársþing HSP, haldið á Grenivík 26. febrúar 2023**, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð fyrir kjör íþróttamanns og veitingu hvatningarverðlauna HSP. ~~Yfirstrikað~~ er það sem fellur út úr reglugerðinni, viðbætur og breytingar eru *skáletraðar*.

*Greinargerð*: Það er tímabært að skerpa reglugerðina og gera ferlið við kosningu íþróttamanns ársins opnara.

#### Reglugerð fyrir kjör íþróttamanns og veitingu hvatningarverðlauna HSP

##### Kjör íþróttamanns HSP

1. gr. Íþróttanefndir, sérráð og aðildarfélög HSP eiga rétt á að skila tilnefningu eins íþróttamanns *einstaklings eða pars* innan hverrar greinar *í kjör íþróttamanns HSP. Tilnefningar þurfa að berast* til stjórnar HSP eigi síðar en 1. febrúar ásamt mynd af viðkomandi. Með tilnefningu fylgi greinargerð um íþróttalegan árangur á árinu *sem verðskuldar slíka viðurkenningu. Líta skal til þátttöku og afreka á innlendum og erlendum vettvangi s.s. alþjóðlegum mótum, Íslandsmótum,*



*héraðsmótum, innanfélagsmótum og meta en einnig skal líta til framfara, ástundunar og fyrirmyndarframkomu. ~~svæ~~ sem met o.fl. Skilyrði fyrir tilnefningu er að íþróttamaður hafi verið löglegur keppandi í aðildarfélagi HSP þegar árangur náðist, og hafi að lágmarki verið á sextánda aldursári og sé íslenskur ríkisborgari.*

#### **Hvatningarverðlaun HSP**

2. gr. Íþróttanefndir, sérráð og aðilafélög HSP eiga rétt á að skila inn tilnefningum um ~~um~~ *eins* einstaklings *eða pars* sem hlýtur hvatningarverðlaun HSP. *Tilnefningar þurfa að berast* til stjórnar HSP eigi síðar en 1. febrúar ásamt mynd af viðkomandi. Með tilnefningu fylgi greinargerð um íþróttalegan árangur á árinu *sem verðskuldar slíka viðurkenningu. Líta skal til þátttöku og afreka á innlendum og erlendum vettvangi s.s. alþjóðlegum mótum, Íslandsmótum, héraðsmótum, innanfélagsmótum og meta en einnig skal líta til framfara, ástundunar og fyrirmyndarframkomu. ~~svæ~~ sem met o.fl.* Miðað er við börn og unglinga sem hljóti þessi verðlaun enda einstaklingurinn löglegur keppandi í aðildarfélagi HSP.

#### **Heimild stjórnar HSP**

3. gr. Skili íþróttanefndir eða sérráð ekki tilnefningu á réttum tíma ~~skal~~ *er* stjórn HSP *heimilt að* tilnefna íþróttamann í viðkomandi grein, þannig að hann komi til álitu við kjörið. ~~Stjórn HSP er heimilt að tilnefna íþróttamenn í þeim greinum þar sem nefndir og ráð eru ekki starfandi.~~

#### **Kosningar**

4. gr. Stjórn HSP skal *fara yfir allar tilnefningar í kjöri íþróttamanns ársins, hvort þær uppfylli skilyrði 1.gr. og velja íþróttamann hvernar greinar. Verða þessir íþróttamenn í kjöri til íþróttamanns HSP. árlega skipa fimm manna valnefnd sem velur íþróttamann HSP, úr röðum þeirra sem tilnefndir eru hjá nefndum og ráðum. Stjórn HSP skal jafnframt meta tillögur að hvatningarverðlaunum HSP og veita þær viðurkenningar uppfylli þær skilyrði 2.gr.*

5. gr. *Þeir sem hafa atkvæðisrétt í kjörinu eru:*

a) *Stjórnarfolk HSP hefur eitt atkvæði hvert, varamenn taka sæti aðmanna sé talin þörf á því, t.d. vegna hagsmunaárekstra eða annars.*

b) *Stjórnir aðildarfélaga og stjórnir deilda þeirra hafa eitt atkvæði hver stjórn.*

c) *Að auki hefur stjórn HSP heimild til að leita til allt að 10 aðila til að taka þátt í kosningunni sé talin þörf á því.*

6. gr. *Þeir sem atkvæðisrétt hafa skulu raða 10 af tilnefndum íþróttamönnum upp í röð þannig að nafn þess sem er númer eitt í kjörinu er efst o.s.frv. Síðan skal veita stig eftir sætum þannig að fyrsta sæti gefur 12 stig, annað sæti, 10 stig, þriðja sæti 8 stig, fjórða sæti 7 stig, fimmta sæti 6 stig o.s.frv. þannig að 10. sæti gefur 1 stig. Stigahæsti einstaklingurinn hlýtur viðurkenninguna Íþróttamaður HSP. Séu tveir eða fleiri jafnir skal sá ofar sem oftast er valinn í fyrsta sæti, ef þá er enn jafnt skal sá ofar sem oftast er valinn í annað sæti o.s.frv.*

5–7. gr. Formleg útnefning íþróttamanns HSP fer fram á ársþingi, þar sem íþróttamenn hvernar greinar hljóta einnig viðurkenningu.

6–8. gr. Með reglugerð þessari falla eldri reglugerðir úr gildi.

#### **Þingskjali 10 vísað til laganefndar**

### **10. Skipan í starfsnefndir – nefndarstörf (kl.12:52)**

Þingforseti fór yfir staðsetningar sem úthlutaðar hafa verið fyrir einstakar nefndir. Eftir það bauð forseti þingfulltrúum að velja sér nefndir til að starfa í. Formenn nefnda voru skipaðir:

Hermann Aðalsteinsson – allsherjar- og íþróttanefnd

Dagbjört Aradóttir – fjárhagsnefnd

Garðar Héðinsson – laganefnd

Þingnefndir störfuðu til kl. 14:30 en þá var gert kaffihlé. Við það tilefni var Kristjáni I. Jóhannessyni, fyrrum skoðunarmanni reikninga HSP til fjölda ára, veitt Gullmerki HSP sem hann hlaut á ársþinginu 2021 en átti eftir að afhenda honum.



## 11. Afgreiðsla mála (kl. 14:45)

Á meðan þingfulltrúar gæddu sér áfram á ljúfum kaffiveitingum gerði Garðar Héðinsson grein fyrir vinnu laganeftar:

Þingskjal 5. Breytingar á reglugerð verkefna- og styrktarsjóðs HSP

Garðar las upp þingskjal 5 en skjalið var samþykkt óbreytt í nefnd. Enginn tók til máls.

Þingskjal 5 borið upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Þingskjal 7. Lagabreytingar

Nefndin lagði fram smávægilegar breytingatillögur, að bæta við orðunum *og/eða UMFÍ* í 17. og 19. grein sem myndu þá hljóða svo með breytingum:

17. grein: Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn HSP skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, stofnfundargerð, stjórnskipan og félagatal. Auglýsa skal stofnfund hins nýja félags á sannanlegan hátt með a.m.k. viku fyrirvara. Inntaka félags verður að hljóta samþykki ársþings sambandsins, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaraðild til næsta ársþings. Innganga aðildarfélags er einnig háð samþykki ÍSÍ *og/eða UMFÍ* á lögum viðkomandi félags.

19. grein Hvert aðildarfélag skal halda aðalfund, leggja fram skýrslur og ársreikninga og bera upp við félagsmenn sína eins og lög þess gera ráð fyrir og staðfest hafa verið af HSP, ÍSÍ *og/eða UMFÍ*. Senda skal aðalfundarboð aðildarfélaganna til skrifstofu HSP. Fundargerðir aðalfunda ásamt ársreikningum félags skal senda stjórn HSP eigi síðar en tveimur vikum eftir að aðalfundur hefur farið fram.

Garðar las upp þingskjal 7 eins og það kom frá nefndinni. Enginn tók til máls.

Þingskjal 7 borið upp til samþykktar með áorðnum breytingum og samþykkt samhljóða.

Þingskjal 10. Breyting á reglugerð um kjör íþróttamanns og veitingu hvatningarverðlauna HSP

Nefndin gerði eina breytingu á þingskjalinu, að strika út *og sé íslenskur ríkisborgari* í 1. grein sem myndi þá hljóða svo með breytingum:

1. gr. Íþróttanefndir, sérráð og aðildarfélög HSP eiga rétt á að skila tilnefningu eins einstaklings eða pars innan hverrar greinar í kjör íþróttamanns HSP. Tilnefningar þurfa að berast til stjórnar HSP eigi síðar en 1. febrúar ásamt mynd af viðkomandi. Með tilnefningu fylgi greinargerð um íþróttalegan árangur á árinu sem verðskuldar slíka viðurkenningu. Líta skal til þátttöku og afreka á innlendum og erlendum vettvangi s.s. alþjóðlegum mótum, Íslandsmótum, héraðsmótum, innanfélagsmótum og meta, en einnig skal líta til framfara, ástundunar og fyrirmyndarframkomu. Skilyrði fyrir tilnefningu er að íþróttamaður hafi verið löglegur keppandi í aðildarfélagi HSP þegar árangur náðist, og hafi að lágmarki verið á sextánda aldursári.

Garðar las upp þingskjal 10 eins og það kom frá nefndinni. Enginn tók til máls.

Þingskjal 10 borið upp til samþykktar með áorðnum breytingum og samþykkt samhljóða.

*Allsherjar- og íþróttanefnd*

Hermann Aðalsteinsson gerði grein fyrir vinnu allsherjar- og íþróttanefndar.

Þingskjal 1. Þakkar- og hvatningartillögur

Nefndin gerði ekki athugasemdir við þingskjalið og lagði til að það yrði samþykkt. Enginn tók til máls.

Þingskjal 1 borið upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.



## Þingskjal 2. Breytingar á aðildarfélögum HSP

Nefndin gerði ekki athugasemdir við þingskjalið og lagði til að það yrði samþykkt. Enginn tók til máls. Þingskjal 2 borið upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

## Þingskjal 4. Staðsetning næsta ársþings

Nefndin gerði ekki athugasemdir við þingskjalið og lagði til að það yrði samþykkt. Enginn tók til máls. Þingskjal 4 borið upp til samþykktar og samþykkt samhljóða. (Þingið samþykkti að boðið skyldi upp á naut og bernaíse).

## Þingskjal 6. Vinnuviðmið verkefna- og styrktarsjóðs HSP

Nefndin leggur fram breytingatillögu þess efnis að þingskjalinu verði vísað í nefnd, að skipaður verði vinnuhópur til að vinna tillögur um viðmið:

Allsherjar- og íþróttanefnd leggur til að stjórn HSP skipi vinnuhóp sem kemur með tillögur að vinnuviðmiðum fyrir stjórn verkefna- og styrktarsjóð HSP. Vinnuhópurinn skal skila inn tillögum til stjórnar HSP fyrir 15. maí 2023.

Hermann Aðalsteinsson býður sig fram, Lúðvík Kristinsson, Tómas Helmig, Matthildur Dögg Jónsdóttir, Héðinn Björnsson og Gunnhildur Hinriksdóttir. Gunnhildur kallar saman fyrsta fund sem skila skuli inn tillögum til stjórnar HSP fyrir 15. maí 2023.

Enginn tók til máls.

Breytingartillaga við þingskjal 6 borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

## Þingskjal 8. Hvatning til aðgerða

Nefndin gerði ekki athugasemdir við þingskjalið og lagði til að það yrði samþykkt. Enginn tók til máls. Þingskjal 8 borið upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

## Þingskjal 9. Sportablar innan HSP

Nefndin leggur fram breytingartillögu þess efnis að þingskjalinu verði vísað frá og HSP hefji samræður við sveitarfélög á stafssvæði HSP um að þau greiði fyrir áskrift aðildarfélaga HSP fyrir rafrænt skráningarkerfi:

Allsherjar og íþróttanefnd leggur til að stjórn HSP hefji samræður við sveitarfélög á starfssvæði HSP um að þau greiði fyrir áskrift aðildarfélaga HSP fyrir rafrænt skráningarkerfi. Vísun við til góðs fordæmis Norðurbings í þeim efnunum.

Breytingartillaga við þingskjal 9 borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

## Fjárhagsnefnd

Kristinn Björn Haraldsson gerði grein fyrir vinnu fjárhagsnefndar.

## Þingskjal 3. Fjárhagsáætlun 2023

Nefndin leggur fram breytingartillögu þess efnis að hækka rekstrarstyrk sveitarfélaga þar sem ekki var gert ráð fyrir tekjum frá Þingeyjarsveit í þingskjalinu. Nefndin leggur til að rekstrarstyrkir sveitarfélaga hækki í kr. 3.060.000- og að afkoma ársins verði því jákvæð um kr. 15.000-:

Fjárhagsáætlun HSP 2023					
Rekstrartekjur	ÁÆTLUN 2023	Rekstur 2022	ÁÆTLUN 2022	Rekstur 2021	Rekstur 2020
Framlög og styrkir	17.370.000	19.729.540	16.491.760	19.349.136	18.899.808
Lottó	13.500.000	14.921.414	12.000.000	14.749.284	13.067.988
Getraunir 1x2	250.000	267.899	150.000	167.486	220.330





Rekstrarstyrkir sveitarfélaga	3.060.000	3.409.280	3.381.760	3.108.480	3.665.040
Styrkir ÍSí (útbr. styrkur)	750.000	965.414	650.000	773.886	736.961
Styrkir v/ULM	200.000	-	200.000	40.000	-
Styrkir v/Æfum alla ævi	-	-	-	400.000	1.150.000
Aðrir styrkir	110.000	165.533	110.000	110.000	59.489
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>1.340.000</b>	<b>1.592.500</b>	<b>1.140.000</b>	<b>1.556.000</b>	<b>1.950.091</b>
Skattar félaga	1.300.000	1.418.500	1.100.000	1.432.000	1.626.000
Leiga HSP tjaldi	40.000	170.000	40.000	120.000	-
Tekjur v/æf. búða, námsk. o.fl.	-	-	-	-	319.091
Vörusala (búningar, bækur, pennar ofl.)	-	4.000	-	4.000	5.000
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>19.210.000</b>	<b>21.322.040</b>	<b>17.631.760</b>	<b>20.905.136</b>	<b>20.849.899</b>
<b>Rekstrargjöld</b>					
Laun og launatengd gjöld	5.000.000	3.738.875	5.000.000	3.664.963	7.487.529
50% v/frkv.stjóri	5.000.000	3.738.875	5.000.000	3.664.963	4.137.755
50% v/Æfum alla ævi	-	-	-	-	3.349.774
Styrkir til félaga	10.125.000	11.173.512	9.000.000	11.136.440	9.986.160
Lottó	10.125.000	11.173.512	9.000.000	11.136.440	9.931.671
Ferðastyrkir	-	-	-	-	54.489
Búningar, áhöld og tæki	50.000	-	50.000	-	-
Þátttaka í mótum	250.000	68.234	250.000	-	-
Þátttökukostn. ULM	200.000	52.000	200.000	-	-
Annar kostnaður	50.000	16.234	50.000	-	-
Verðlaun, bikarar og annar mótakostn.	100.000	103.900	100.000	90.000	-
Húsaleiga / rekstur mannvirkja	130.000	50.360	120.000	120.000	120.000
Húsaleiga Laugar	130.000	50.360	120.000	120.000	120.000
Rekstur skrifstofu	2.000.000	1.551.939	1.900.000	1.088.395	944.764
Sími, ritföng, póstkostnaður	50.000	44.551	50.000	39.185	42.547
Funda- og þingkostnaður Ársþing HSP	750.000	755.591	650.000	552.384	292.578
Ferðakostnaður stjórnar	100.000	-	100.000	-	-
Ferðak. Fundir/Þing UMFÍ og ÍSí	400.000	104.910	400.000	75.908	-
Bókhald og endurskoðun	350.000	286.780	350.000	235.584	385.913
Auglýsingakostnaður	150.000	117.738	150.000	113.486	110.834
Annar skrifstofukostnaður	200.000	242.369	200.000	71.848	112.892
<b>Kynning, fræðsla, útbreiðsla</b>	<b>1.375.000</b>	<b>1.239.095</b>	<b>1.600.000</b>	<b>1.948.398</b>	<b>1.964.136</b>
Nýr verkefna- og styrktarsjóður	1.075.000	939.095	1.000.000	1.324.810	-
Fræðslusjóður	-	-	-	-	1.034.000
Styrkir Frjálsípr.ráð	300.000	300.000	300.000	300.000	500.000
Afreksmannasjóður	-	-	-	-	-
Aksturssjóður	-	-	-	-	419.875
Annar kostnaður	-	-	300.000	323.588	10.261
Breyting vörubirgða	100.000	4.000	100.000	-	-
Önnur gjöld	100.000	84.557	100.000	14.243	14.825
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>19.230.000</b>	<b>18.014.472</b>	<b>18.220.000</b>	<b>18.062.439</b>	<b>20.529.414</b>
Vaxtatekjur	50.000	370.725	50.000	34.011	61.622
Vaxtagjöld	15.000	-	15.000	567	13.556
<b>Hagnaður/tap</b>	<b>15.000</b>	<b>3.678.293</b>	<b>- 553.240</b>	<b>2.876.141</b>	<b>368.551</b>

Breytingartillaga við þingskjal 3 borin upp til samþykktar og samþykkt með meginþorra atkvæða (1 á móti).



## 12. Kosningar (kl. 15:30)

Eftirfarandi var tillaga stjórnar, ekki bærust fleiri framboð.

- a) Tillaga um formann: Jón Sverrir Sigtryggsson. Kjörinn einróma með lófataki
- b) Aðalmenn til tveggja ára: Hulda Þórey Garðarsdóttir og Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson. Bæði kjörin einróma með lófataki
- c) Varamaður til tveggja ára: Héðinn Björnsson. Kjörinn einróma með lófataki
- d) Skoðunarmenn reikninga: Gunnhildur Stefánsdóttir og Hrafnhildur Geirsdóttir, til vara Steinunn Ósk Stefánsdóttir. Kjörnar einróma með lófataki
- e) Fulltrúi á Íþróttabing ÍSí. Samþykkt að vísa vali á fulltrúa til stjórnar.

## 15. Önnur mál (kl. 15:35)

Aðalbjörn Jóhannsson, formaður Ungmennafélagsins Eflingar, en tók fram að hann væri ekki kominn upp í nafni þess félags. Hann lét vita að hann væri einnig félagi í Hinseginfélagi Þingeyinga og færir þinginu þau boð frá félaginu að það sé reiðubúið að koma á fundi félaga og ræða við og veita fræðslu er varðar málefni hinsegin fólks.

Viðar Sigurjónsson tók til máls og þakkaði fyrir gott þing og hvatti til áframhaldandi umræðu og mörg þau mikilvægu mál er varða starfsemi sambandsins og aðildarféлага.

## 16. Þingslit (kl. 15:40)

Formaður tók til máls, þakka fulltrúum fyrir þátttöku þeirra í þinginu og sleit þingi kl. 15:40.

## Viðauki – þátttaka í nefndum

### Allsherjar- og íþróttanefnd:

Hermann Aðalsteinsson  
Gunnólfur Sveinsson  
Davíð Þórólfsson  
Lúðvík Kristinsson  
Ingvar Björn Guðlaugsson  
Íris M. Waits  
Birna Dögg Magnúsdóttir  
Birna Davíðsdóttir  
Jón Grímsson  
Ragnar Skúlason  
Friðgeir Óli Eggertsson  
Hjördís Matthilde Henriksen  
Skarphéðinn R. Jónsson  
Róbert Karl Boulter  
Arnar Halldórsson  
Matthildur Dögg Jónsdóttir  
Kristjana Eysteinsdóttir  
Birna Ásgeirsdóttir  
Sigurgeir Höskuldsson  
Jón Óli Sigfússon  
Sigurlína Tryggvadóttir



**Laganefnd:**

Gylfi Sigurðsson  
Helga Sigurbjörg S. Heide  
Birta Rós Arnarsdóttir  
Sigurður Dagbjartsson  
Hólmgeir Rúnar Hreinsson  
Aðalbjörn Jóhannsson  
Héðinn Björnsson  
Dóra Rún Kristjánsdóttir  
Birgir Mikaelsson  
Garðar Héðinsson

**Fjárhagsnefnd:**

Dagbjört Aradóttir  
Úlfhildur Ída Helgadóttir  
Kristinn Björn Haraldsson  
Stefán Hrafn  
Karl Magnússon  
Baldur Stefánsson  
Freyr Ingólfsson